

Samstarfssamningur Skíðafélags Ísfirðinga og Ísafjarðarbæjar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Skíðafélag Ísfirðinga (SFÍ), gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið og verkefni.

Markmið samningsins er að:

- Auka veg og vanda Fossavatnsgöngunnar, hér eftir göngunnar.
- Gera allan undirbúning og framkvæmd göngunnar fumláusan.
- Gera upplifun gesta/keppenda göngunnar sem ánægjulegasta.

Helstu verkefni:

- Vinnsla á keppnisbrautum.
- Aðstaða fyrir keppendur.
- Mokstur og hálkuvörn.
- Umsjón með bílastæðum.
- Umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal og umhverfi hans.
- Lán á tækjum.
- Afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi.
- Gjaldtaka á svæðinu.

2. gr. Útlistun verkefna

Vinnsla á keppnisbraut

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar sér um að útbúa og troða brautirnar á fullnægjandi hátt og uppfylla kröfur sem Alþjóða skíðasambandið gerir til móta eins og Fossavatnsgöngunnar. Miðað skal við að Skíðasvæðið leggi til um 200 tíma af snjótroðaravinnu að meðaltali á ári í vinnslu göngubrautarinnar.

Mokstur og hálkuvörn

Ísafjarðarbær í samstarfi við Vegagerðina tryggir að vegurinn upp á Seljalandsdal sé vel fær öllum bílum og rútum frá miðvikudegi og fram á laugardag þá helgi sem gangan fer fram. Sérstaklega þarf að skipuleggja laugardaginn fyrirfram þar sem umferð um hann fer af stað um kl. 05:00. Hér þarf bæði að gæta að mokstri og ekki síður hálkuvörn. Fulltrúar frá Fossavatnsgöngunni, Skíðasvæðinu og áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar sammælast í lok hvers dags um til hvaða aðgerða þarf að grípa næsta dag, með tilliti til aðstæðna og veðurspár. Starfsmenn áhaldahússins sjá um að loka veginum meðan verið er að vinna í honum.

Umsjón með bílastæðum

Starfsmenn áhaldahúss sjá um mokstur og hálkuvörn (eftir þörfum) á bílastæðunum á skíðasvæðinu á Seljalandsdal samhliða mokstri og hálkuvörn á veginum upp á skíðasvæðið.

Umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal og umhverfi hans

Starfsmenn skíðasvæðisins hafa alla umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal svo sem þrif, umsjón með salernum, frágang á húsi, fara með rusl o.fl. tilfallandi. Þeir sjá einnig um að aðgengi að skálanum sé í góðu lagi og að pallurinn sé hreinn og vel aðgengilegur.

Starfsmenn skíðasvæðisins sjá um alla veitingasölu í skálanum.

SFÍ skal hafa upplýsingafulltrúa á áberandi stað frá miðvikudegi til laugardags í eða við skíðaskálann svo upplýsingaflæði til gesta skíðasvæðisins og starfsfólks skíðasvæðisins sé eftir þörfum. Upplýsingafulltrúinn fundar með starfsmönnum skíðasvæðisins daglega og upplýsir þá um helstu atriði er viðkoma göngunni.

Starfsmenn skíðasvæðisins hafa umsjón með útisvæðinu næst skíðaskálanum á Seljalandsdal og koma þar fyrir borðum, bekkjum, ruslagrindum, skíðastatífum og öðrum þeim búnaði sem sveitarfélagið á. Þeir sjá einnig um frágang á því svæði. Starfsfólk Fossavatnsgöngunnar sér um uppsetningu og frágang á marksvæði innan girðingar.

Aðilar eru sammála um að opna ekki skíðasvæðið fyrr en vegurinn upp á Seljalandsdal og bílaplönin hafa verið mokuð/hálkuvarin og Skíðheimar og útisvæðið eru tilbúin að taka við gestum.

Fresta skal opnun ef veður eða aðrar ástæður hafa valdið því að ekki hafi náðst að klára þessa hluti fyrir tilgreindan opnunartíma.

Lán á tækjum

SFÍ fær afnot af bílum áhaldahúss fyrir starfsfólk á mótisdögum í samráði við forstöðumann.

Þá fær SFÍ afnot af snjósleðum Skíðasvæðisins á mótisdögum í samráði við forstöðumann.

Ísafjarðarbær lánar fána og fánastangir og kemur stöngunum fyrir.

Afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi

SFÍ fær gjaldfrjáls afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi frá hádegi á þriðjudegi til kl. 18:00 á laugardagskvöldi. Ísafjarðarbær útvegur svið, teppi, borð og stóla til notkunar í íþróttahúsinu á Torfnesi og SFÍ sér um uppsetningu og gæslu í húsinu, en alltaf er þó einn starfsmaður Ísafjarðarbæjar á vakt í húsinu.

Gjaldtaka á svæðinu

Aðilar eru sammála um að Skíðasvæðið innheimti ekki aðgangseyri af keppendum á gönguskíðasvæðinu þá viku sem Fossavatnsgangan stendur yfir, þ.e. frá miðvikudegi til laugardags. Keppendur framvísi keppnisnúmeri eða annarri staðfestingu á þátttöku á svæðinu. Þátttakendur í æfingabúðum Fossavatnsgöngunnar sem haldnar eru yfir veturinn greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

3. Gr.

Verðgildi

Samningur þessi er metinn á kr. 5.100.000
Íþróttahús kr. 800.000
Leiga á pöllum og sviði kr. 40.000
Flutningur á pöllum og sviði kr. 40.000
Flutningur á fánastöngum og borðum kr. 120.000
Troðsla brauta kr. 3.000.000
Lán á bílum kr. 50.000
Lán á snjósleðum kr. 50.000

4. gr.

Gildistími.

Samningur þessi gildir í 2 ár, 2016 og 2017. Hvor samningsaðili getur farið fram á endurskoðun samningsins í september ár hvert, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði . apríl 2017

f.h. Ísafjarðarbæjar

f.h. SFÍ

Gísli Halldór Halldórsson, bærarstjóri

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, formaður
SFÍ

Daníel Jakobsson, formaður stjórnar
Fossavatnsgöngu